
Krókur í Grafningi, borun rannsóknarholu á Folaldahálsi

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 18. apríl 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Suðurdal ehf. um fyrirhugaða borun rannsóknarholu á Folaldahálsi að Króki, Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.06 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grímsnes- og Grafningshrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Krókur í Grafningi. Borun rannsóknarholu á Folaldahálsi. Greinargerð ÍSOR-18013, 4. apríl 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Grímsnes- og Grafningshreppi með tölvupósti dags. 3. ágúst 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 7. júní 2018.
- Orkustofnun með bréfi dags. 29. maí 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 8. júní 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. júní 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 8. og 9. ágúst 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að eigendur Króks í Grafningi hafi áhuga á að bora rannsóknarholu syðst í landi sínu, í þeim tilgangi að kanna hvort nýtanlegur jarðhiti til upphitunar sumarbústaðabyggðar finnist á svæðinu. Gert sé ráð fyrir að bora 300-500 m djúpa borholu í því skyni. Miðað við að innan við 500 m séu í næstu hveru mætti búast við yfir 100°C hita ofan 150-200 m dýpis. Fyrirhugaður borstaður er í 390 m y.s. á lágum hálsi, Folaldahálsi, sem gengur suður úr Kyllisfelli. Með boruninni sé stefnt á að bora í vatnsæð eða -æðar.

Staðsetning og hönnun borholu og umfang verks

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að aðkoma að borstaðnum sé eftir malarbornum línuvegi frá Hellisheiði, á enda hans norðan við raflínumastur á háhálsinum. Staðurinn liggir nærri norðurvesturmörkum Hengilssvæðis sem er á náttúruminjaskrá. Um 40 m há brekka sé niður af hálsinum austan megin. Skolvatnspörf sé um 10 L/s. Stutt sé í skolvatn í læk neðan við brekkuna en vatnsmeiri lækur sé vestan við hana þar sem aðkomuvegur liggir yfir hann. Þangað sé lengri leið, eða u.þ.b. 300 m. Háspennulínan liggir um svæðið og gert sé ráð fyrir að borstaður verði norðan við raflínuna um 30 m frá nyrsta streng.

Misgengi sé austan við hálsinn þar sem lækur renni og jarðskjálftasprunga, um 1 fet á vidd, sjáist á um 50 m kafla syðst, vestan megin á hálsinum. Sprungan skeri hálsinn til Norðausturs. Laugar, 55°C



heitar, séu austan við hálsinn og leirug ummyndun kringum þær og norðan við þær í gilskorningi sunnan í Kyllisfelli. Þær séu líkast til tengdar misgenginu og rjúkandi hveru sé að finna í gili sunnar. Ekki er gert ráð fyrir að laugarnar skaðist vegna framkvæmdanna.

Jarðfræði svæðisins

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að hálsinn sé annars úr fersklegu móbergi, brotabergi og bólstrabergi en undir því sé bergið töluvert ummyndað. Skilin þar á milli séu á um það bil 30 m dýpi þar sem borað yrði. Berglög í fyrirhugaðri borholu séu móberg, breksía og bólstraberg, basalhraunlög töluvert ummynduð. Gangar og æðar úr basalti sjáist í móbergi.

Borplan og skolvatn

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að stærð á borplani sé um 250 m² og við borun holunnar sé gert ráð fyrir aðgengi að um 10 l/s af skolvatni og að upp komi 10 - 15 m³ af borsvarfi miðað við 300 og 500 m djúpa holu. Lágmarksrask verði af borun á þessum stað þar sem planið verði á klöpp sem verði jöfnuð út með ofaniburði. Ekki þurfi að leggja slóða frá línuvegi að borplani. Skolvatnslögn verði meðfram vegi og borsvarf er fellt úr skolvatni áður en því er veitt í lækinn.

4 UMHVERFISÁHRIF

Gróður og fornminjar

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé um mikla röskun á núverandi gróðurþekju vegna vegagerðar og borplans þar sem línuvegur sem megi nýta, liggja langleiðina að fyrirhuguðu borplani. Umrætt svæði hafi þegar verið raskað þegar háspennulína hafi verið lögð um svæðið. Sjálft borstæðið liggja á svæði þar sem flagmóavist sé áberandi vistgerð en viðkomandi vistgerð hafi lágt verndargildi og fremur rýrt fuglalíf.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að minjavörður Suðurlands hafi farið farið í vettvangsferð um framkvæmdarsvæðið í júní 2018 og tekið það út með hliðsjón af fyrirhugaðri framkvæmd. Niðurstaða þeirrar úttektar hafi leitt í ljós að engar fornleifar sé að finna í nágrenni holustæðisins og geri minjavörður ekki athugasemdir við framkvæmdina sem slíka. Hins vegar horfi málið öðruvísi við ef heitt vatn finnist og ákveðið verði að nýta það og leiða vatnið burtu frá borholunni um óskilgreinda leið. Í því tilviki þurfi að fá fornleifafræðing til þess að ganga lagnaleiðina með tilliti til fornleifa. Á grunvelli þeirrar fornleifaskráningar muni Minjastofnun ákvarða hvort þurfi að ráðast í mótvægisáðgerðir ef komi í ljós fornminjar á lagnaleiðinni.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að helstu áhrif fyrirhugaðar borunar felist í vegagerð að borholu, gerð borplans og meðferð skolvatns og förgun borsvarfs. Bent sé á að vegstæðið sé á þegar röskuðu landi eftir lagningu háspennulínu og umrædd framkvæmd ætti ekki að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er á svæði sem er skilgreint sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Svæðið er ekki tilgreint fyrir rannsóknarboranir með mögulegri orkuvinnslu líkt og t.d. Hallkelshólar og Klausturhólar eru í Aðalskipulaginu. Það þarf því að breyta Aðalskipulaginu.

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi Grímsnes- og Grafningshrepps sem og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Komi til nýtingar á holunni er sú vinnsla háð nýtingarleyfi Orkustofnunar.



6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða rannsóknarborun til þess að kanna möguleika á nýtingu jarðvarma til húshitunar frístundabyggðar innan eignarlands landeigenda Króks í Grafningi. Fyrirhugaður borstaður er í Folaldahálsi í suðurhluta Kyllisfells. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.06 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eðli, staðsetning og eiginleikar áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, s.s. stærð og umfangi, úrgangsmýndun, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig staðsetningu hennar og eiginleika áhrifa sbr. 2. og 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áform framkvæmdaraðila um rannsóknarborun á Folaldahálsi en bendir á að forðast eigi röskun á votlendi við slóðagerð og gera þær ráðstafanir að meðferð skolvatns og förgun borsvarfs leiði ekki til neikvæðra umhverfisáhrifa. Stofnunin telji að nægilega hafi verið gerð grein fyrir framkvæmdinni og telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Skipulagsstofnun tekur undir álit Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar minjavarðar Suðurlands að ef til nýtingar komi verði að ganga lagnaleiðina með tilliti til fornleifa. Á grundvelli þeirrar fornleifaskráningar muni Minjastofnun ákvarða hvort þurfi að ráðast í mótvægisáðgerðir.

Áhrif rannsóknarborunarinnar eru að mestu bundin við framkvæmdatíma og að mati Skipulagsstofnunar bundin við afmarkað svæði og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga. Lítið rask verður vegna framkvæmdanna þar sem gamall línuvegur liggur að borplani og planið verður á klöpp. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila mun framkvæmdin ekki hafa í för með sér röskun á laugum í nágrenninu og borsvarf sem fellur til verður felld úr skolvatni áður en því er veitt í læk. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að þessi ákvörðun tekur eingöngu til borunar rannsóknarholu á Folaldahálsi. Ef niðurstöður rannsóknarborunnar verða með þeim hætti að fýsilegt verði að virkja holuna og flytja heitt vatn til upphitunar í frístundabyggð þarf að kanna hvort þær framkvæmdir falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. september 2018.

Reykjavík, 10. ágúst 2018